



Reykjavík, 8. október 2024

MIR24080006

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Á fundi stýrihóps um framtíðarsýn um Viðey dags. 3. október 2024 var lagt fram bréf menningar- og íþróttasviðs dags. 27. sept. 2024 þar sem fram kemur að umhverfis- og skipulagsráð hafi samþykkt að setja upp veðurstöð í Viðey. Samþykkt var að vísa erindinu til stýrihóps um framtíðarsýn um Viðey.

Stýrihópur um framtíðarsýn fyrir Viðey fór í vettvangsferð út í eyju 3. október 2024 og skoðaði m.a. fyrirhugaða staðsetningu fyrir veðurstöð sem Faxaflóahafnir hafa óskað eftir að reisa þar til að auka öryggi sjófarenda, líkt og lýst er í erindi til umhverfis- og skipulagsráðs og afgreiðslu dags. 23. september, sem vísað var til kynningar í menningar-, íþróttá- og tómstundaráði 25. september og í kjölfarið vísað til umsagnar stýrihópsins.

Stýrihópurinn gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina eða staðsetninguna og fagnar því að tekið var tillit til athugasemda sem bárust í ferlinu frá Borgarsögusafni og umhverfis- og skipulagssviði um upphaflegar tillögur að staðsetningu. Með hinni nýju tillögu að staðsetningu verður stöðinni fundinn staður sem fellur betur að umhverfinu.

F.h. stýrihópsins

Skúli Helgason



Reykjavík



Stýrihópur um framtíðarsýn um Viðey

Reykjavík, 27. september 2024

MIR24080006

Veðurstöð í Viðey


Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 27. september 2024 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 25. september 2024 þar sem vísað er til kynningar menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs um veðurstöð í Viðey á Heimaey sbr. meðf.

Samþykkt var að vísa erindinu til stýrihóps um framtíðarsýn um Viðey

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svofellda bókun:

Erindinu er vísað til stýrihóps um Viðey með ósk um að hann skili niðurstöðu fyrir lok næstu viku.

Virðingarfyllst



Helga Björnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. september 2024
USK24070162

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 25. september 2024 varðandi eftirfarandi mál:

Veðurstöð í Viðey

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að Faxaflóahafnir komi fyrir veðurstöð á Heimaey samkvæmt meðfylgjandi erindi umhverfis- og skipulagssviðs, ódags.

Samþykkt og sent til kynningar menningar íþróttar og tómstundaráði.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um veðurstöð í Viðey vill fulltrúi Flokks fólksins segja að það sleppur til að hafa veðurstöðina á „heimaeynni“ en ekki á vestureynni en sá hluti Viðeyjar er ósnortinn af mannavöldum. Master, 10 metra hátt getur verið heilmikil sjónmengun og þess vegna skiptir staðsetning miklu máli. Öryggisþáttur þessa verkefnis er vissulega ómetanlegur.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: bréf Faxaflóahafna dags. 20. ágúst 2024 ásamt umsögn Reykjavíkurborgar ódags.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
b.t. Glóeyjar Helgudóttur Finnsdóttur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík.

Reykjavík 20. ágúst 2024.

Málefni: Uppsetning veðurmælis í Viðey.

Í framhaldi af siglingaratviki í fyrra, þar sem stórt farþegaskip bar af siglingaleið við Viðey, hefur Rannsóknarnefnd samgöngumála rannsakað atburðinn og gefið úr skýrslu með tillögum að úrbótum. Ein tillagan er að bæta þurfi veðrupplýsingar á Viðeyjarsundi utan Skarðfagarðs. Ráðgjafarfyrtækið Veðurvaktin ehf. hefur verið fengið til þess að koma með tillögum um úrbætur. Þeirra mat er að veðurmælir í Viðey myndi skila mjög mikilvægum upplýsingum um vinda á ytri hluta Viðeyjarsunds og snúningssvæði Sundahafnar og lagt til að slík stöð verði sett upp til að auka öryggi skipa.

Sérfræðingar á okkar vegum hafa farið út í Viðey og kannað aðstæður og hafa lagt fram tillögu að staðsetningu. Þeir eru að leggja til að staðsetja mælinn nálægt miðju vestureyjunnar við punkta sem merktir eru T1 eða T2. Ekki er sjáanlegt rask á þessum slóðum sem bent gæti til mannvirkjagerðar. Sett yrði upp 10m hátt grindarmastur með stögum. Mælarnir myndu fá orku frá sólarrafhlöðu. Meðfylgjandi er mynd af sambærilegum búnaði. Allt efni yrði borið á höndum á staðinn og engin tæki notuð við uppsetninguna, önnur en handverkfæri.

Tekið skal fram að allar upplýsingar sem mælirinn gefur myndu verða aðgengilegar á heimasíðu Faxaflóahafna.

Hnitasetning og hæð þessara punkta er eftirfarandi:

T1: N64°10.327 W21°51.550 hæð 24m

T2: N64°10.328 W21°51.480 hæð 25m

Faxaflóahafnir óska eftir heimild Reykjavíkurborgar til þess að geta sett veðurmælinn upp á þessum stað. Nákvæmari staðsetning yrði ákveðin í samráði við ykkur. Það er okkur mikilvægt að stöðin komi upp sem fyrst og geti nýst skipum þegar veður verða vályndari.


f.h. Faxaflóahafna sf.

Helgi Laxdal
Sviðstjóri innviða

Meðfylgjandi: Bréf Rannsóknarnefndar samgönguslysa dagsett 19. ágúst 2024.



Mynd 1: Tillaga að staðsetningu veðurmælis í Viðey. Punktur merktir T1 eða T2.



Mynd 2: Sambærilegt mastur með veðurmæli



Mynd 3: Stagfesting masturs.



Umhverfis- og skipulagsráð

Umhverfis- og
skipulagsvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Efni: Erindi Faxaflóahafna um að setja upp veðurstöð í Viðey.

Þjónustuver
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Vísað er í erindi Faxaflóahafna dags. 20. ágúst 2024 um að fá að setja upp veðurstöð í Viðey. Erindinu fylgdi bréf Rannsóknarnefndar samgönguslysa dags. 19. ágúst 2024. Tílefnið er vegna siglingaratviks þar sem stórt farþegaskip bar af siglingaleið við Viðey.

411 1111


Í erindinu var óskað eftir að setja upp 10m hátt grindarmastur með stögum. Mælarnir myndu fá orku frá sólarrafhlöðu. Meðfylgjandi er mynd af sambærilegum búnaði. Allt efni yrði borið á höndum á staðinn og engin tæki notuð við uppsetninguna, önnur en handverkfæri.



Í erindinu var óskað eftir að koma mastrinu fyrir á Vesturey Viðeyjar.

Það var álit sérfræðinga USK sem og Borgarsögusafns að það væri afleitt að setja fyrirhugað mannvirki upp á Vestureynni sem er nánast ósnert. Þar er ekkert sem truflar sjóndeildarhringinn fyrir utan listaverk Serra sem svo skemmtilega vinnur einmitt með sjóndeildarhringinn. Mástrið myndi t.d. bera við sýnina frá einhverjum hlutum listaverksins.


Það eru fjölmargir gestir sem koma til Viðeyjar og þetta hefði neikvæð áhrif á upplifun þeirra.



Eftir samtal um aðra staðsetningu milli Faxaflóahafna og Borgarsögusafns varð það sameiginleg niðurstaða að koma mætti veðurstöðinni fyrir á öðrum stað, þ.e. á Heimaeynni, eins og fram kemur hér að neðan.

Veðurstöðin yrði þarna á hæðarkolli skammt frá gönguleiðinni. Staðurinn er stutt frá mannvirkjum og ber við þau þegar horft er í suður eftir gönguleiðinni og mastrið dettur fljótlega úr sjónlínunni þegar stígurinn er farinn til norðurs.

Það má líka nefna sögulega skírskotun því vestan við þennan stað er minnismerki um Ingvarsslysið 1906.



Lagt er til við umhverfis- og skipulagsráð að samþykkja að Faxaflóahafnir komi fyrir veðurstöð á Heimaey samkvæmt ofangreindu.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,



Þóroldur Jónsson

deildarstjóri náttúru og garða